

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 15. janúar 2018
UST201711-166/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030 breyting, - Kópavogsgöng felld úr skipulagi

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur er barst 22. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030, niðurfelling Kópavogsganga.

Kópavogsgöng, sem tenging milli Reykjanesbrautar og Kringlumýrarbrautar og áfram um fyrirhuguð Öskjuhlíðargöng, voru skilgreind sem hluti af framtíðar gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins. Nýjar umferðaspárt styðja ekki fyrri áætlanir um Kópavogsgöng og því er ekki gert ráð fyrir þeim í framtíðargatnakerfi höfuðborgarsvæðisins.


Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að stofnbraut og gangamunni voru fyrirhuguð á svæði í Fossvogsdal. Einnig kemur fram að áætlaður var gangamunni og mislæg gatnamót á Reykjanesbraut í Suður-Mjódd. Einnig kemur fram að Kópavogsgöng hafa verið felld út í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og því er ekki þörf á að taka ofangreind svæði frá fyrir gangamunna í Fossvogsdal og Suður Mjódd, og eru tákna fyrir þessar framkvæmdir felldar út af aðalskipulagi. Mörk miðsvæðis í Suður-Mjódd eru stækkuð um 1 ha til austurs, en á svæði sem áætlað var fyrir vestari gangnamunna sem nú fellur út, er jaðar útvistarsvæðis í Fossvogi, opið gróið land, göngu- og hjóreiðastígur.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir sameiginlega stefnumörkun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem miðar að því að auka hlutdeild almenningssamgangna og byggja í því skyni upp hágæða almenningssamgangnakerfi á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S. Kristjánsdóttir
Sérfræðingur